


Menntun



Rétturinn til menntunar er mannréttindi

Í máli hjá Mannréttindadómstóli Evrópu var rétturinn til menntunar skilgreindur sem „réttur til að fá inngöngu í menntastofnanir sem eru til staðar á tilteknum tíma“ og réttur til að njóta góðs af þeirri menntun sem hlýst, sem merkir réttinn til að fá það nám sem lokið hefur verið opinberlega viðurkennt.“¹⁶

„Menntun er ekki einungis leið til að afla sér lífsviðurværis eða auðgast. Hún er uppspretta hins andlega lífs og knýr mannshugann áfram í leit að sannleika og dyggðugu lífi.“

Vijaya Lakshmi Pandit

Menntun

„... felur í senn í sér mannréttindi og er nauðsynleg leið til að fá öðrum mannréttindum framgengt. Menntun er sá drifkraftur sem gerir bæði börnum og fullorðnum, sem eru efnahagslega og félagslega afskipt, kleift að vinna sig út úr fátæktinni og öðlast tækifæri til að taka fullan þátt í samfélaginu. Menntun er grundvallaratriði í réttindabaráttu kvenna, við verndun barna gegn barnavinnu og kynferðislegri misnotkun, til eflingar mannréttindum og lýðræði, til að stuðla að umhverfisvernd og stemma stigu við mannfjölgun. Menntun er í stöðugt vaxandi mæli talin einhver besta fjárfesting ríkja í heiminum. En menntun er ekki bara mikilvæg af hagnýtum ástæðum: vel menntaður, upplýstur og virkur mannshugurinn, sem getur reikað frjálst um víðan völl, veitir mesta gleði og umbun í lífinu.“¹⁷

Fjallað er um réttinn til menntunar í eftirfarandi mannréttindasamningum:

- Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (26. gr.)
- Evrópusamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis (2. gr. í bókun nr. 1)
- Samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum (10. gr.)
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (28. og 29. gr.)
- Mannréttindasáttmála Afríku (17. gr.)
- San Salvador bókuninni í Mannréttindasáttmála Ameríku (13. gr.)
- Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (13. og 14. gr.). Athyglisvert er að 13 gr. er lengsta ákvæði samningsins og jafnframt víðtækasta og yfirgripsmesta greinin um réttinn til menntunar í alþjóðalögum um mannréttindi.

Tengd verkefni

- Orðasafn um hnattvæðingu, bls. 192.
- Réttindi barna, bls. 205.
- Menntun fyrir alla?, bls. 175.
- Látið allar raddir hljóma, bls. 148.
- Leiðin til „Jafnréttislands“, bls. 151.
- Viðbrögð við kynþáttafordómum, bls. 248.
- Tungumálaerfiðleikar, bls. 242.

Lykildagsetningar

8. september
Alþjóðadagur læsis

5. október
Alþjóðadagur kennara

Hver eru brýnustu verkefni í menntamálum?

Árið 1996 lagði Unesco fram yfirlit yfir þau sjö brýnustu mál sem heimurinn stendur frammi fyrir og snerta menntun; þau eru:

1. Spennan milli hins alþjóðlega og svæðisbundna;
2. Spennan milli hins almenna og hins einstaklingsbundna;
3. Spennan milli hefða og nútímaviðhorfa;
4. Spennan milli hins andlega og veraldlega;
5. Spennan milli langtíma- og skammtímasjónarmiða;
6. Spennan milli samkeppni og jafnra tækifæra;
7. Spennan milli hinnar gífurlegu þekkingaraukningar og hæfni manna til að tileinka sér þekkingu.

Unesco hefur lagt áherslu á að með fjórum svokölluðum „menntastöðum“ megi takast á við þessi brýnu verkefni:

1. *Læra að lifa í samfélagi við aðra.* Í þessu felst að menntun á að þroska með nemendum þá hæfni og færni sem nauðsynleg er til að þeir viðurkenni að þeir séu háðir öðru fólki; hafa stjórn á aðstæðum; vinna með öðrum að því að skipuleggja sameiginleg markmið og sameiginlega framtíð; virða fjölhyggju og fjölbreytileika (t.d. kynhlutverk, uppruna, trúarbrögð og menningu); og taka virkan þátt í samfélaginu.
2. *Læra að tileinka sér hlutina:* Það merkir að með menntun læri fólk að nýta kunnáttu sína: helstu aðferðir varðandi samskipti og munnlega tjáningu, læsi, reikningskunnáttu og úrlausnir vandamála; að afla sér almennrar þekkingar og ítarlegrar kunnáttu á nokkrum sviðum; hafa skilning á réttindum og ábyrgð, og síðast en ekki síst að læra hvernig á að tileinka sér hlutina.
3. *Læra að framkvæma:* Menntun ætti að auðvelda nemendum að afla sér starfskunnáttu og félagslegrar og sálfræðilegrar hæfni sem gerir þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir um ýmsar aðstæður sem upp koma í lífinu, að þrífast í starfi og félagslífi, að vera virkir á alþjóðamörkuðum jafnt sem innanlands, nýta sér tæknina, að geta séð fyrir sér og aukið bæði eigin lífsgæði og annarra;
4. *Læra að vera til:* Menntun ætti að stuðla að persónulegum þroska og gera fólk sjálfstæðara, efla dómgreind, gagnrýna hugsun og ábyrgðartilfinningu einstaklingsins. Markmiðið er að þroska alla hæfileika, til dæmis minni, rökhugsun, listrænan smekk, andleg gildi, líkamlega getu og samskiptahæfni; heilbrigðan lífsstíl og ánægju af íþróttum og tómstundstarfi; virðingu fyrir eigin menningu; siðferðislegan þroska; hæfileikann til að tjá sig og verja sig; og umburðarlyndi.

Viðbótarhlutverk menntunar, innan sem utan hins hefðbundna skólakerfis

Tvær lykilhugmyndir hafa verið samþættar evrópskri menntastefnu: hugsjónin um *símenntun* í *menntasamfélagi*. Um er að ræða samfélag þar sem fólk standa til boða ýmis tækifæri til að auka hæfni sína á lífsleiðinni. Miklu máli skiptir að formlegt nám nýtur ekki einungis aukinnar viðurkenningar, heldur einnig þeir möguleikar sem svokallað óformlegt nám býður upp á, þ.e. námsáætlanir utan hins hefðbundna skólakerfis. Slíkar áætlanir eru oft á vegum frjálsra félaga-

„Þú heldur kannski að þekking kosti mikið, en hvað með vanþekkinguna.“

NN

samtaka, þar á meðal æskulýðsfélaga. Þar er boðið upp á ýmiss konar efni, fjölbreyttar og sveigjanlegar kennsluáferðir, og hægt að finna leiðir til að þær milljónir barna og fullorðinna, sem er meinað að stunda nám í hefðbundnu menntakerfi eða eru með öllu ómenntaðar, geti lært að lesa og skrifa o.s.frv.

? Manstu eftir dæmum um óformlegt nám hér á landi?

Á tuttugustu öldinni urðu opinberir eða ríkisreknir skólar þær stofnanir sem önnuðust almenningufræðslu í Evrópu, og nám innan hins hefðbundna skólakerfis hlaut almenna viðurkenningu.

Á undanföllum áratugum hafa fjárveitingar til grunnskólanáms aukist, skólaskylda hefur verið lögleidd og mikil umfjöllun um menntun og námsþróun hefur farið fram í fjölmiðlum.

Sérfræðingar í menntamálum fjalla um mikilvægi þess að nám innan og utan hins hefðbundna skólakerfis „skarist“, og leggja þannig áherslu á að samskipti og samstarf stuðli að samræmdu skólastarfi og námsumhverfi, þannig að nemendur geti átt kost á samfelldu námi.

„... sem eitt helsta ráðið til að stuðla að meiri og farsælli þroska mannsins og draga þar með úr fátækt, einangrun, vanþekkingu, kúgun og stríðsátökum.“¹⁸

Evrópsk æskulýðsfélög og hlutverk þeirra

Æskulýðsfélögum í Evrópu hefur tekist að láta að sér kveða í menntamálum. Hið sama má segja um námsmannasamtök, svo sem Evrópusamtök stúdentaráða (ESIB) og OBESSU-samtökin sem eru stærstu regnhlífarsamtök hagsmunaráða nemenda um alla Evrópu og beita sér fyrir almennri framhaldsmenntun og starfsnámi. Þessi samtök vinna að því að nemendaráð hvarvetna skiptist á upplýsingum, reynslu og þekkingu, og gegna mikilvægu hlutverki í umræðunni um nýja strauma og stefnur innan hinna hefðbundnu menntakerfa í Evrópu.

? Takast menntakerfin almennt á við knýjandi verkefni nútímans?

Eftir því sem veröldin hefur orðið flóknari hafa skólakerfin orðið bæði stærri og flóknari að gerð. Fjöldi nemenda í skólum hefur líklega aukist hraðar en íbúafjöldinn: skráning grunnskólanemenda í þróuðum löndum fór úr 50% árið 1970 í 76% árið 1990 og upp í 82% árið 1995. Víðast hvar er leitast við að ná til barna á forskólaaldri, unglinga og fullorðinna með skipulegri hætti en áður.

Læsi hefur einnig aukist í þróuðum löndum – var 43% árið 1970 en var orðið 65% árið 1990 og yfir 70% árið 1995. Slík aukning er að mestu leyti að þakka meiri námsgæðum, aukinni áherslu stjórnvalda og alþjóðasamfélagsins á menntamál og þeirri áherslu sem foreldrar leggja ætíð á skólagöngu barna sinna. Menntun hefur gildi í sjálfu sér og einnig er litið á menntun sem upplýftingu í amstri hins daglega lífs.

En í sumum löndum er ljóst að stöðnun hefur orðið á þessu sviði sem stingur í stúf við þá mynd sem hér hefur verið dregin upp. Nokkrir sérfræðingar benda á að á undanföllum tuttugu árum

„hafi dregið úr nýskráningum í nám á grunn- og framhaldsskólastigi og á háskólastigi (eftir framhaldsskólanám) í flestum löndum. Einnig var dregið úr opinberum fjárveitingum til menntunar, sem hlutfalli af vergri landsframleiðslu, í öllum löndum.“¹⁹

Þessi þróun hefur einkum haft neikvæð áhrif á menntastig, og þar með læsi, í löndum þar sem framfarir hafa orðið minni á síðustu tuttugu árum en á áratugunum tveim þar á undan.

Hnattvæðing

Mikilvægir þættir hnattvæðingarinnar, svo sem viðskiptafrelsi á ýmsum sviðum og frelsi fyrirtækja til að flytja starfsemi sína milli landa, sem og skattsvik, ógna langtímafjárveitingum til menntamála. Skattavandamál hafa haft áhrif á fjárveitingar stjórnvalda til menntamála. Í Ghana geta stjórnvöld innheimt 12% af vergum þjódartekjum með sköttum. Ef landið missti aðeins 10% skatttekna sinna – þ.e. 1,2% vergra þjódartekna – væri það á við helming fjárveitingar til grunnskólamenntunar. Því er afar brýnt að skatttekjur skerðist ekki, þannig að markmiðum á sviði almenns grunnskólanáms verði náð.²⁰

Í mörgum Mið- og Austur-Evrópulöndum lætur efnahagsbatinn á sér standa. Hvaða áhrif hefur það á menntamál?

„Menntun stendur betur vörð um frelsið en heill herflokkur.“

Edward Everett

„Tilfærsla félagslegra útgjalda hefur haft veruleg áhrif á menntunarræði (Pólland, 1999; Rússneska sambandsríkið, 1999; Rúmenía, 1999). Í nokkrum Mið-Evrópulöndum átti þessi tilfærsla sér stað fyrir 1990, en annars staðar á svæðinu er enn unnið að því að færa ábyrgðina frá ríki til sveitarfélaga.

Þar með hafa sveitarstjórnir í auknum mæli verið gerðar ábyrgar fyrir námsframboði á grunn- og framhaldsskólastigi. Í mörgum tilvikum hefur skólunum sjálfum verið gefið töluvert vald. Hvað varðar ábyrgð á útgjöldum, þá eru sveitarfélög oft ábyrg fyrir stærstum hluta útgjalda til menntamála og í sumum löndum verður stöðugt meiri munur á því hve miklum fjármunum þau geta varið til þessa málaflokks (Pólland, 1999).

Stundum fá sveitarstjórnir, einkum í dreifbýli, ekki fjárveitingar til að sinna þessum nýju skyldum sínum og hafa fá úrræði til að afla viðbótarfjár. Oft eru laun kennara (sem eru stærstur hluti fjárhagsáætlunar) enn ákveðin af stjórnvöldum, og þar með hafa skólarnir lítið að segja um fjárhagsáætlanir.

Það fjármagn sem rennur til menntamála er þó hluti af opinberu ráðstöfunarfé sem hefur verið skorið niður í stórum stíl. Vegna hrapandi þjódartekna og minni skatttekna hafa ríkisstyrkir til menntamála dregist verulega saman.

Þrátt fyrir erfiðleika í tengslum við umskiptaferlið í þessum löndum hafa miklar framfarir átt sér þar stað á sviði menntamála. Sett hafa verið ný lög um menntamál, námskráin hefur orðið lýðræðislegri og dregið hefur úr miðstýringu í stjórnun og fjársýslu. Í sumum landanna hafa þó slíkar endurbætur gengið hægt og oft verið erfiðleikum háðar.“²¹

Því miður sýna tiltækar vísbendingar um stöðu menntamála á heimsvísu að allt of litlum fjármunum er varið í þennan málaflokk. Í veröld sem er stöðugum breytingum háð efast bæði foreldrar og ungt fólk um gildi þess námsefnis sem kennt er. Auk þess eru fjarvistir kennara áberandi í allt of mörgum skólum um allan heim, kennslutími er víða illa nýttur og lítið er sinnt um áhuga og færni einstakra nemenda. Það kemur ekki á óvart að í slíkum skólum, þar sem börn læra ef til vill lítið að gagni og mestum tíma er eytt í utanbókarlærdóm, hafni mörg börn því sem skólakerfið býður upp á. Margir þeirra nemenda sem halda áfram í skóla öðlast ekki þá grunnfærni að geta nýtt kunnáttu sína í verkefnum daglegs lífs.

„Rætur menntunar eru beiskar en uppskeran er sæt.“

Aristóteles

Sérfræðingar Evrópuráðsins hafa flokkað ungmenni sem eru sérstaklega illa stödd innan menntakerfisins í þrjá meginhópa:

1. þau sem koma frá efnalitlum heimilum;
2. þau sem eiga foreldra sem hafa notið lítillar menntunar;
3. þjóðernislega minnihlutahópa, innflytjendur og farandhópa.



Eru einhverjir aðrir hópar, sem ekki er getið um hér, sem eiga erfitt uppdráttar hér á landi?

Víða um heim eykst vantrú manna á formföst, einsleit menntakerfi. Fólk sér vaxandi ósamræmi og brotalamir – hvað varðar kostnað, gæði og vottun - og það hefur leitt til þess að traust á almenningskólum hefur farið þverrandi um mestallan heim.

Ef öll börn á grunnskólaaldri fengu góða undirstöðumenntun í fjögur ár að lágmarki hyrfti ólæsi með einni kynslóð. En svona er ástandið enn þann dag í dag:

1. 125 milljónir barna á grunnskólaaldri ganga ekki í skóla, flest þeirra eru stúlkur.
2. Aðrar 150 milljónir hefja grunnskólanám en ljúka ekki fjögurra ára námi. Langflest hættu námi áður en þau hafa lært að lesa og skrifa.
3. Í stórum hluta Afríku sunnan Sahara og í Suður-Asíu má vænta þess að börn gangi í skóla í fjögur til sjö ár. Í iðnvæddu löndunum er líklegt að þau stundi nám í fimmtán til sautján ár.
4. Nú eru um 870 milljónir manna ólæsar og óskrifandi, þar af eru 70% konur.



Hvers vegna heldur þú að svo margar konur séu ólæsar?

Fyrir fimmtíu árum kvað Mannréttindayfirlýsingin á um að skyldunám fólki að kostnaðarlausu væri grundvallarmannréttindi. Árið 1990 staðfesti Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem allar ríkisstjórnir heims, að tveimur frátöldum, undirrituðu, þessi réttindi sem lagalega skyldu.

Síðan þá hafa þessi grundvallarmannréttindi verið ítrekuð margoft á alþjóðavettvangi af æðstu ráðamönnum.

Þróuð lönd hafa margoft skuldbundið sig til að taka þátt í meira samstarfi á þessu sviði til að ná þeim markmiðum sem sett voru á alþjóðlegum fundum á tíunda áratug síðustu aldar. Ríkisstjórnir heims hittust árið 1990 á Alþjóðaráðstefnunni um menntun fyrir alla, sem haldin var í Jomtien í Taílandi. Þar var það markmið sett að innan áratugs skyldu öll börn í heiminum eiga möguleika á að nýta hæfileika sína til fulls. Í þessari skuldbindingu fólst almennt aðgengi að góðu grunnnámi og afnám kynjamisréttis.

Með síðustu stuðningsyfirlýsingu ríkja og leiðtoga ríkisstjórna er miðað að því að slíku grunnnámi hafi verið komið á fyrir alla árið 2015. Eins og málin standa núna verður ekki einu sinni hægt að ná því marki. Ef ríkisstjórnir heims bregðast ekki við núna munu 75 milljónir barna ekki njóta grunmenntunar árið 2015.

Á Alþjóðaráðstefnunni um menntamál, sem haldin var í Dakar árið 2000, var þó ítrekað að

„menntun væri grundvallarmannréttindi. Hún er lykillinn að sjálfbærri þróun og friði og stöðugleika innan og meðal þjóða og þar með nauðsynleg leið til virkrar þátttöku í samfélögum og hagkerfum tuttugustu og fyrstu aldarinnar.“

„Við fæðumst veikburða og þörfnumst styrks; erum hjálparvana og þörfnumst hjálpar; vitum lítið og skortir skynsemi. Allt sem við fæðingu skortir, allt sem við þörfnumst þegar við vöxum úr grasi, er sú gjöf sem menntunin færir okkur.“

Jean-Jacques Rousseau

Heimildir

Building Bridges for Learning, Youth Forum, Brussels, 1999.
 Education for All - country reports, 2000.
<http://www.unesco.org>
 Education Now Campaign, Oxfam www.cca.org.au/oxfam/advocacy/education.
European Youth Trends 2000, Evrópuráðið, 2001.
Learning: The treasure within, Unesco, Paris, 1996.
 World Education Report www.unesco.org